

REGLUR

um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna og annarra sem ferðast innan lands eða utan á vegum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, þ.e. ríkisaðila í A- og B-hluta.

Markmið reglna þessara er að stuðla að hagkvæmni í ferðatilhögun á vegum ríkisaðila. Almennt skal skipuleggja ferðir með sem hagkvæmustum hætti með tilliti til ferðakostnaðar og ferðatíma. Ríkisaðilar skulu búa yfir rafrænu ferðakostnaðarkerfi í samræmi við leiðbeiningar Fjársýslu ríkisins.

2. gr.

Gildi gagnvart öðrum reglum.

Um greiðslu ferðakostnaðar starfsfólks sem flyst búferlum milli landa á vegum ráðuneytis eða stofnunar gilda reglur utanríkisráðuneytisins þar að lútandi. Um ferða- og farangurstryggingu starfsfólks fer samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þeirra. Almennar reglur um risnu gilda einnig erlendis.

II. KAFLI

Ferðalög innanlands.

3. gr.

Fargjöld innanlands.

Fargjöld vegna ferðalaga innanlands á vegum ríkisins greiðast af hlutaðeigandi ríkisaðila. Þegar ferðalangur leggur út fyrir fargjaldi skal viðkomandi fá það endurgreitt gegn framvísun fullnægjandi frumgagna. Sama gildir þegar hluti vinnudags er tilfallandi unninn svo langt frá föstum vinnustað að starfsmaður ber aukinn kostnað af ferðum milli vinnustaðar og heimilis.

4. gr.

Endurgreiðsla kostnaðar.

Meginreglan er sú að ferðakostnaður innanlands er endurgreiddur samkvæmt reikningum sem ferðalangur framvísar. Þegar ekki er unnt að leggja fram reikninga eða um það samið skulu ríkisstarfsmenn fá endurgreiddan fæðis- og gistikostnað á ferðalögum innanlands með dagpeningum eins og þeir eru ákveðnir af ferðakostnaðarnefnd, sbr. ákvæði í kjarasamningum fjármála- og efnahagsráðherra við hlutaðeigandi stéttarfélög.

III. KAFLI

Ferðalög erlendis.

5. gr.

Ferðaheimild og ferðauppgjör.

Áður en ferð hefst ber að afla formlegrar ferðaheimildar. Þegar slíkrar heimildar er óskað skal tilgreina tilgang ferðarinnar, ferðatíma og fjölda ferðadaga og gistinátta.

Að jafnaði skal uppgjör greiðslna og bókun ferðakostnaðar fara fram innan 10 daga frá komudegi, á grundvelli ferðareiknings sem verður til við samþykkt ferðaheimildar, sem og annarra gagna ef svo ber við. Fjársýsla ríkisins gefur út nánari leiðbeiningar um meðferð og skil ferðareikninga.

6. gr.

Fargjöld.

Hlutaðeigandi ríkisaðili pantar og leggur út fyrir fargjaldi ferðalangs. Ef ferðalangur greiðir fargjaldið skal viðkomandi fá það endurgreitt við framlagningu frumgagna. Óhjákvæmileg viðbótargjöld flugfélaga, svo sem innritunargjöld, farangursgjöld o.þ.h., teljast hluti fargjalds. Flugfargjöld skulu miðast við almennt farrými. Heimilt er að greiða far á betra farrými ef flugtími er 5 klst. eða lengri. Far með skipum, lestum eða öðrum farartækjum miðast við far á fyrsta farrými.

Beri nauðsyn til að ferðast með öðrum og kostnaðarsamari hætti en áður er greint greiðist slíkur kostnaður eftir reikningum sem hlutaðeigandi forstöðumaður úrskurðar um vegna starfsmanna ríkisaðila en ráðuneyti úrskurðar um kostnað vegna forstöðumanna ríkisaðila og skal reikningum fylgja skýring á nauðsyn aukakostnaðar.

7. gr.

Dagpeningar.

Annar ferðakostnaður en fargjöld skv. 6. gr. greiðist af dagpeningum sem ákveðnir eru af ferðakostnaðarnefnd, annars vegar vegna gistikostnaðar og hins vegar vegna fæðis og annars kostnaðar. Greiðsla fyrir hverja ferð ræðst þannig af fjölda gistinátta (næturhluti) og ferðadaga (daghluti). Ferðadagur telst vera bæði brottfarardagur frá Íslandi og brottfarardagur frá dvalarlandi. Ekki eru greiddir dagpeningar vegna gistikostnaðar þegar um næturflug er að ræða.

8. gr.

Ferðakostnaður og önnur útgjöld.

Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað annan en fargjöld, svo sem ferðakostnað að og frá flugvöllum, þ.m.t. milli höfuðborgarsvæðis og Keflavíkurflugvallar, ferðakostnað innan þess svæðis sem dvalið er á, fæði, gistingu og hvers kyns önnur útgjöld ferðalangs sem falla til á ferðalaginu. Við sérstakar aðstæður er heimilt að greiða annan ferðakostnað í því landi sem farið er til, enda sé um lengri vegalengdir að ræða, og gistikostnað samkvæmt reikningi og fellur þá næturhluti dagpeninga niður.

9. gr.

Styrkir og hlunnindi.

Styrkir og hvers konar hlunnindi sem ríkisstarfsmenn njóta meðan á dvöl stendur og dagpeningum er ætlað að standa undir skulu koma til frádráttar dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Fríðindi og hvers kyns vildarkjör sem aflað er við greiðslu á farmiða skulu eingöngu koma þeim ríkisaðila sem greiðir farmiðann til góða. Greiði aðrir en ríkisaðili hluta kostnaðar við ferðalög skal sá kostnaður dreginn frá greiddum dagpeningum samkvæmt þessum reglum.

10. gr.

Dagpeningar vegna lengri dvalar.

Ef fyrirhugað er að dvelja lengur en 14 almanaksdaga samfleytt erlendis skal greiða lægri dagpeninga vegna lengri dvalar samkvæmt nánari reglum sem ferðakostnaðarnefnd setur. Heimilt er þó, í sérstökum aðstæðum, að greiða óskerta dagpeninga.

11. gr.

Forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar.

Forseta Alþingis og forseta Hæstaréttar skulu greiddir dagpeningar vegna fæðis og annars kostnaðar, þ.e. daghluta. Auk þess skal þeim greiddur allur ferða- og gistikostnaður. Um risnu gilda almennar reglur.

12. gr.

Dagpeningar annarra starfsmanna.

Um dagpeninga fyrir starfsfólk í öðrum stéttarfélögum en þeim sem gera kjarasamning samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, gilda þeir samningar sem á hverjum tíma eru í gildi.

IV. KAFLI
Önnur ákvæði

13. gr.

Ágreiningur.

Komi upp ágreiningur um gildissvið eða efni þessara reglna skal fjármála- og efnahagsráðuneytið úrskurða þar um. Ráðuneytið skal birta úrskurði sína. Afmá skal almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar við birtingu..

14. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og gilda frá 1. október 2020. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 1/2009 frá 6. mars 2009.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 1. október 2020.

Bjarni Benediktsson

Guðmundur Árnason